


18 SEP TO 20 2024 Smárinn Kópavogur Íslandi

14. Íslenska sjávarútvegs-, veiða-, vinnslu- og fiskeldis-sýningin



FRÁ HAFINU Á DISKINN – THE 100% FISH EVENT



UPPLÝSINGAR FYRIR SÝNENDUR

Stærsta sýning á sviði sjávarútvegs, fiskeldis og sjávarréttá á norðurslóðum.



Frá hafinu á diskinn - 100% sjávarviðburður þar sem fiskveiðar, fiskeldi, fiskvinnsla og nýting aukaafurða hafsins eiga sér samastað.

5th Fish Waste 2024
FOR PROFIT
The 100% Fish Conference



Vöruflutningsaðili:

TVG-ZIMSEN

Íslskir og alþjóðlegir fjölmiðlar sem leggja okkur lið:

Fiskifréttir

WORLD FISHING & AQUACULTURE SINCE 1952

Skipuleggjandi:


mercatormedia³ magazines/events/online

info@icefish.is / omar@icefish.is

Sími: +44 1329 825335 / 893-8164



14.
Íslenska
sjávarútvegs-,
veiða-, vinnslu-
og fiskeldis-
sýningin



FRÁ HAFINU Á DISKINN – THE 100% FISH EVENT

Hvað er IceFish?

Það er ekki að ástæðulausu að Íslendingar leggi mikla áherslu á fiskveiðar- og vinnslu: 40% af útflutningi frá Íslandi tengjast fiski eða sjávarfengum afurðum, alls að verðmæti tæplega 258 milljarðar króna. Á undanförunum árum hefur aðeins ferðaþjónustan farið framúr sjávarútvegi sem helsta útflutningsgrein þjóðarinnar.

Fiskeldi heldur áfram að vaxa í sjó og landi og hefur framleiðsluverðmæti greinarinnar tífaldast á undanförunum áratug, úr 5 milljörðum í tæplega 50 milljarða. Greiningarfyrirtækið Boston Consulting Group spáir því að útflutningsverðmæti fiskeldis gæti náð 430 milljörðum króna árið 2032.


Heildarafla á Íslandi árið 2023 var tæplega 1.379 þúsund tonn sem er um 19% aukning frá árinu 2021, og útflutningsverðmæti sjávarafurða var 349 milljarðar króna árið 2023, eða 53 milljörðum meira en 2022. Frá 2010 til 2022 hefur laxeldi fimmtíufaldast í tonnum talið. Vöxturinn í greininni allri er gríðarlegur.

Allt þetta gerir IceFish 2024 að fullkomnum vettvangi fyrir viðskipti og samninga um fjárfestingar í greininni.

Íslenska sjávarútvegssýningin, eða IceFish, er elsta alþjóðlega sýning sinnar tegundar á Íslandi. Hún fagnar 40 ára stórafmæli sínu í september nk. og hefur frá því að hún var sett á stofn þróast í að verða alhliða sýning sem spannar allar hliðar sjávarútvegs: Allt frá fiskileit, veiðum, vinnslu, þökkun, aukaafurðum, fiskeldi og sjávarréttum, til markaðssetningar og dreifingar á fullunninni vöru. IceFish er mikilvægasti vettvangur allra þeirra aðila á sviði sjávarútvegs og fiskeldis sem vilja koma vörum sínum og þjónustu á framfæri.

Fjörtíu ára saga IceFish hefur tryggt sýningunni virðingu og traust og fyrir vikið laðar hún bæði til sín íslenska og alþjóðlega sýnendur og gesti. IceFish 2022 var fyrsta sýningin hérlandis sem braut isinn eftir heimsfaraldurinn og tókst þrátt fyrir takmarkanir og höft að laða til sín 10 þúsund gesti frá 40 þjóðlöndum.

Fyrirsjáanleg framleiðsla í fiskeldi:




af heildar fiskframleiðslu árið 2032

Útflutningur á fiski til manneldis:



áætlað fyrir árið 2032

Fiskeldi á Íslandi:



Árlegur vöxtur síðan 2017

“Á IceFish 2022 fengum við ótal marga góða gesti á þeim þremur dögum sem sýningin stóð yfir. Í krafti framsýnnar stefnumótunar náðum við að skapa metfjölda viðskiptataækifæra á sýningunni.”
- Rúni Nielsen, sölustjóri hjá Food Diagnostics A/S og framkvæmdastjóri Centrego Marine A/S.

Af hverju að sýna?

Íslenskur sjávarútvegur leggur sem fyrr höfuðáherslu á vinnslu sjávar- og fiskeldisafurða og virðisauka henni samfara. Aflatölur fyrir 2022 sýna aukningu á milli ára um 22% og var heildarafla rúmlega 1,4 þúsund tonn. Heildarafla ársins 2023 var tæplega 1,4 þúsund tonn. Þetta eru glæsilegar tölur sem skapa bjartsýni í greininni. IceFish 2024 gæti ekki verið haldin á betri tíma.

Enn meiri vídd 2024

IceFish 2024 heldur áfram að laða til sín fjölbreytt fyrirtæki á sviði atvinnuveiða- og vinnslu, og nú verður sérstakt svæði helgað vaxandi virðisauka í greininni, fullvinnslu, fiskeldi og aukaafurðum.

Ókeypis kynning – IceFish alla daga ársins!

Markaðs- og kynningarteymi IceFish (press@icefish.is) vinnur alla daga ársins efni á tveimur tungumálum fyrir Icefish.is gefur út rafrænt fréttabréf, áhugavert kynningarefni og heldur úti öflugri umfjöllun á samfélagsmiðlum. Vörumerki Mercator Media eru leiðandi á sínu sviði: IceFish, World Fishing & Aquaculture, Fishwaste for Profit-ráðstefnan og Íslensku sjávarútvegsverðlaunin, veita í sameiningu aðgang að yfir fjórtán þúsund einstaklingum í öllum heiminum á sviði atvinnuveiða, vinnslu, sjávarfangs, fiskeldis og aukaafurða. Þetta er mögnuð blanda!

Landfræðilegt umfang

Ísland	Evrópa	Aðrir hlutar heimsins
83%	15%	2%





Gestamiðar

Öll fyrirtækin sem sýna á IceFish 2024 geta fengið ótakmarkaðan fjölda aðgöngumiða til að bjóða viðskiptavinum sínum á sýninguna. Aðeins þarf að senda okkur tölvupóst eða prenta út miða í gegnum þjónustugátt sýnenda.

Kostnaður við sýningarrými

Á IceFish 2024 verður sem fyrr boðið upp á mismunandi sýningarverð sem fer eftir sýningarsvæði. Það er gert til að mæta mismunandi þörfum og markmiðum erlendra sýnenda sem og innlendra sýnenda.

Salur 2 – Sýnendur í hærri verðflokki halda öllum þeim friðindum sem þeir höfðu á fyrri sýningum. Þar á meðal má nefna skráningu vörflokka og sérstaka umfjöllun í sýningarskránni á Netinu, sem auðveldar viðskiptavinum og gestum að skipuleggja heimsókn á sýninguna fyrirfram.

Salur 1 – Hagkvæmur valkostur fyrir fyrirtæki sem leggja megináherslu á sem besta útkomu meðan á sjálfri sýningunni stendur. Allir sýnendur í þeim sal fá skráð nafn fyrirtækisins og aðsetur í sýningarskránni á netinu, auk þess að hafa greiðan aðgang að gestum meðan á sýningunni stendur.

Sýnendur fá enn meiri ávinning

Fyrirtækjastefnumótin – Eftir frábæran árangur á seinustu IceFish, þar sem yfir 90 viðskiptafundir voru haldnir með fulltrúum fyrirtækja frá 24 löndum, munu sýnendur á IceFish 2024 á nýjan leik njóta góðs af fyrirtækjastefnumótum með sérvöldum markhópi gesta. Þessi frábæra aðstaða verður kynnt í öllu markaðsstarfi IceFish 2024, og mun Rannís, sem heldur utan um Enterprise Europe Network á Íslandi, annast skipulagningu funda og samhæfingu þeirra aðila sem nýta sér stefnumótin. Enterprise Europe Network aðstoðar fyrirtæki við sókn á nýja markaði, við nýsköpun og við leit að erlendum samstarfsaðilum.

Nánari upplýsingar veitir: Brynja Jónsdóttir, Enterprise Europe Network Iceland, Rannís

Sími: 515 5859

Netfang: brynja.jonsdottir@rannis.is

www.rannis.is – www.een.is

Sýningarsvæði fyrir smærri fyrirtæki – Þar er litlum sem og sprotafyrirtækjum gefin frábær kostur til að taka þátt á sýningunni með lægri kostnaði. Um er að ræða tilbúna sýningarbása sem veita smærri fyrirtækjum og fyrirtækjum sem eru að sýna í fyrsta skipti tækifæri til að láta ljós sitt skína skært á IceFish og upplifa alla þá einstöku möguleika á tengslamyndun sem sýningin hefur fram að færa.

Íslensku sjávarútvegsverðlaunin veitt í 9. skipti. Verðlaunin vekja athygli á og heiðra þau fyrirtæki sem skara fram úr í sjávarútvegi hérlandis og á alþjóðavettvangi. Vegsemd og virðing verðlaunanna hafa vaxið með hverju ári, þau eru orðin ákaflega eftirsótt og samkeppnin um þau er hörð. Verðlaunahafar hafa nýtt þau á ótal vegu til að kynna fyrirtæki sín og vörur. Verðlaunin eru veitt við hátiðlega athöfn strax að loknum fyrsta degi sýningarinnar, að undangengnu kokkteilboði sem býður upp á afbragðs tækifæri til að styrkja tengslanetið.

Fishwaste for Profit-ráðstefnan verður haldin í fimmta sinn og er sem fyrr helguð 100% nýtingu sjávarfangs. Ráðstefnan er haldin samhliða IceFish og stendur yfir í einn og hálfan dag. Þar er kastljósinu beint að þeirri miklu frumkvöðlaþekkingu sem fyrirfinnst á Íslandi um hvernig hægt er að búa til ómæld verðmæti með fullnýtingu afla og þróun margvíslegra aukaafurða. Fremsta fagfólk í greininni miðlar af þekkingu sinni, deilir reynslusögum og kynnir fróðleg og spennandi verkefni, og veitir þannig 130 þátttakendum ómetanlega innsýn í það sem hæst ber í dag á sviði fullnýtingar sjávarfangs.

Staðsetning

Íslenska sjávarútvegssýningin er haldin í Smáranum og Fífunni í Kópavogi, í glæsilegum sýningarhóllum sem bjóða upp á fyrsta flokks aðstöðu fyrir bæði sýnendur og gesti. IceFish 2024 hefur frábært framboð af bilastæðum, auk þess sem gestir geta nýtt sér akstursþjónustu alla sýningardaganna frá helstu hótélum í Reykjavík.

Eftirfarandi stofnanir og samtök styðja og styrkja IceFish:



Matvælaráðuneytið



Samtök iðnaðarins.



Íslenski sjávarklasinn.



Landssamband smábátæigenda.



Ábyrgar fiskveiðar ses.



VM, Félag vélstjóra og málmtæknimanna.



Sjómannasamband Íslands



Félag atvinnurekenda.



Samtök verslunar og þjónustu.



Íslandsstofa



Fiskifréttir.




Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi.



Félag skipstjórnarmanna.



14.
Íslenska
sjávarútvegs-,
veiða-, vinnslu-
og fiskeldis-
sýningin



FRÁ HAFINU Á DISKINN – THE 100% FISH EVENT

“

„Hampiðjan hefur sýnt á IceFish síðan 1984 og allar götur síðan þá hefur IceFish verið aðalsýningin í okkar augum. Skipulagningin er alltaf framúrskarandi og þörfum bæði nýrra og eldri viðskiptavina mætt til fulls. Við hlökkum til sýningarinnar í september og til þess að hitta þar alla okkar viðskiptavini, gamla sem nýja. Sjáumst öll þar!“ – Hampiðjan á Íslandi.

“

„Sæplast hefur sýnt á IceFish allt frá fyrstu sýningunni árið 1984, sem er einmitt sama ár og fyrirtækið okkar var stofnað. IceFish er tvímælalaust ein mikilvægasta sýningin sem við sækjum í heiminum. Hún er frábær vettvangur til að viðhalda núverandi viðskiptasamböndum okkar og skapa ný sambönd.“ – Sæplast.

VERÐ FYRIR ÞÁTTÖKU

Skráningargjald (ekki endurgreitt)	£395*	ISK 54,995*
Aðeins gólfpláss - Salur 1.	£171 m ² *	ISK 24,000*
Aðeins gólfpláss - Salur 2.	£264 m ² *	ISK 38,390*
Gólfpláss með sýningarkerfi - Salur 1.	£218*	ISK 31,750*
Gólfpláss með sýningarkerfi - Salur 2.	£311*	ISK 46,140*
Rými á útisvæði.	£89 m ² *	ISK 12,760*
Tilbúnir básar á svæði smærri fyrirtækja.	£1,759*	ISK 257,785*

* Erlend fyrirtæki verða rukkuð í sterlingspundum nema þau óski annars. Íslensk fyrirtæki greiða virðisaukaskatt samkvæmt gildandi lögum og reglum hérlendis. Erlendir sýnendur eru undanþegnir virðisaukaskatti, að því gefnu að þeir framvisi staðfestingu um virðisaukaskattstöðu sína frá skattstjóra í eigin heimalandi eða sambærilegri stofnun ytra.



Frekari upplýsingar

þeir sem óska eftir frekari upplýsingum um þá viðburði sem Mercator Media skipuleggur á sviði sjávarútvegs og siglinga, eða um tímaritaútgáfu fyrirtækisins, eða vilja glöggva sig betur á einhverjum þáttum sem tengjast IceFish- sýningunni, Íslensku sjávarútvegsverðlaununum eða Fish Waste for Profit-ráðstefnunni, er bent á að hafa samband við fultrúa okkar eða skipulagsteymi IceFish 2024.

Mercator Media, Spinnaker House, Waterside Gardens, Fareham, Hampshire, PO16 8SD, ENGLAND

Sími: +44 1329 825335 / 893-8164

Fax: +44 1329 550192

Tölvupóstur: info@icefish.is / omar@icefish.is

www.icefish.is

#Icefish

